



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 18

Staðsetning fundar: Verkís, Ofanleiti 2

Dagsetning: 16.01.2019

Mættir eru: Þórhildur, Ragnar, Kristján, Olga, Ólafur, Kristjana og Bjarni

Fundarritari: Olga Árnadóttir

Stjórnarmeðlimir:

Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir (GMI) – Samorka - gyda@samorka.is

Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir fasteignafélag – kristjana@reitir.is

Kristján Arinbjarnar (KA) – Íslenskir aðalverktakar - ka@iav.is

Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is

Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is/
olafur.w@nmi.is

Ragnar Ómarsson (RÓM)– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is

Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Vistbyggðarráðs – vbr@vbr.is

Dagskrá fundar:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar
2. Fréttir úr starfinu
3. Stefnumál og starf stjórnar 2019-2020
4. Fjárhagsáætlun 2020
5. Húsnæðis og starfsmannamál
6. Niðurstöður rannsóknarverkefna Annað



1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Fréttir úr starfinu

Þórhildur fer yfir fréttir úr starfinu.

Morgunfundur: Íslenskt límtré, timburbyggingar og húsgögn.

Vel heppnaður morgunfundur með Límtré Vírnet, Hafnafjarðarbæ og Samtökum íslenskra skógareigenda fyrir áramót. Umræður um hvernig Hafnafjarðarbær stendur að þessu. Þekking á BREEAM, ráðgjöf og fl. Skemmtilegur fundur, vel mætt. Gott fyrir Hafnafjarðarbæ að finna áhugann.

Umræður um nýja stofnun – Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Uppbygging, verksvið o.fl.

Viðburðir á döfinni:

- **10 ára afmæli Grænni byggðar 23. febrúar - kynning á rannsóknarverkefnunum um leið**

Halda viðburðinn hjá Verkfræðingafélaginu?

Umræða um að fá einn af frumkvöðlunum til að líta yfir farinn veg í starfi Grænni byggðar? Helga Jóhanna og Elín Vignis? Útdráttur úr starfinu.

Gera afmælinu svo betur skil á Degi grænni byggðar.

Blaðagreinar/útgefið efni í tengslum við afmælið?

- **Hádegisfundur 24 .febrúar Harpa Birgisdóttir kemur í heimsókn á afmælinu.**
- **Dagur grænni byggðar 30. apríl:**

Verður haldinn í Ráðhúsinu.

Fyrirlesarar sem eru komnir:

- Halldóra Hreggviðsdóttir, Alta
- Sigurður Brynjar Pálsson, Byko
- Dagur B. Eggertsson, Borgarstjóri
- Tine Hegli, Snöhetta og AHO
- Grænni byggð – niðurstöður rannsóknarverkefna
- Ólafur Wallevik – Græn steypa staðan og þróun



Mögulegur fundarstjóri? Egill Helgason, Eva María, Benedikt Erlingsson, Gísli Marteinn, Andri Snær.

Hugmyndir? Þema?

Umræða um aðkomu arkitektafélagsins að degi Grænni byggðar.

Kynning á C40 verkefninu? Vinningstillögu T.ark?

Það væri sterkt að hafa sjónarmið fjármálageirans á grænar áherslur með á degi Grænni byggðar. Sýnir hlutina í víðara samhengi.

Umræða um greiðslu – hafa bara gestabók á staðnum? Fólk borgar fyrirfram á netinu.

Viðburðarhugmyndir fyrir 2020

- Orkunotkun í byggingum
- Kynningarfundur um rannsóknarverkefni
- Rekstur bygginga BREEAM in USE
- Smáhýsi – sveigjanleg rými
- Rafmagnshjól – afslættir – reynsla – reglur
- Verkvit og umhverfislausnir – á Verk og vit
- Græn almenningrými – gildi og staða í Reykjavík
- Grænar fjárfestingar – SIF Iceland – Græn skuldabréf
- Hringrásarhagkerfið í byggingariðnaði
- Núllosunar byggingarsvæði – Zero Emission Building Site
- Borgarlínan
- Loftslagsmál og arkitektúr á HönnunarMarsa

Umsóknir um styrki:

Búið að sækja um nokkra styrki fyrir starfsárið.
Þórhildur fer yfir umsóknir.

Annað framundan:

Fundur með félagsmálaráðherra 22. janúar

Fundur í European Network og GBC og ráðstefna um Levels 19. og 20. febrúar í Brussel

Verkefni með Reykjavíkurborg um leiðbeiningar og vistvænt viðhald bygginga – staða – óljós

Fundur með Þóru Margréti hjá HMS í desember

HBH Byggir með BREEAM AP námskeið 3. febrúar

Iðan með námskeið núna 16. janúar um Vistvænar byggingaraðferðir



Fundur með James Drinkwater hjá WGBC mánudaginn 20. Janúar

JáVerk var að skrá sig sem snýr aðili í III flokk

Nýir aðilar: JáVerk og Iðan.

Aðalfundur 2020: Hádegisfundur í apríl. **7. Apríl. 2020.**

3. Stefnumál og starf stjórnar 2019-2020 **Ragnar**

Ragnar fer yfir markmiðasetningu fyrir árið 2020.

Búið að setja skýrari fókus. Um áramótin hefur Grænni byggð unnið að 12 undirmarkmiðum af 20.

Fer yfir yfirmarkmið starsársins, hafa orðið til að sjálfu sér. Flest málefni sem við erum að vinna að tengjast markmiðum.

Samstarf, samvinna og fræðsla hefur verið eflað til muna.

Höfum ekki ákveðið nákvæmlega hvernig við ætlum að miðla niðurstöðum rannsóknargagna.

Hugmynd kemur fram um að halda hádegisfundi um hvert rannsóknarefni.

Einnig verður haldið námskeið hjá Iðan þar sem farið verður yfir rannsóknargögnin og niðurstöður.

Umræða um markmiðin og stefnuna. Hvað hefur tekist vel og hvað hefur gengið síður vel. Og eins hvar megum við spíta í lófana.

Við höfum ekki sest niður og greint tekjustofnana. Mættum leggja meiri áherslu á að móta viðskiptaáætlun betur.

Sjá nánar á glærum frá Ragnari.

Fræðslustefna með SI – þarf að vinna í.

Hugmyndasamkeppni Grænni byggðar?

Ekki horfa bara í það sem ekki tókst heldur það sem við höfum áorkað í því sem félagið ákvað að verja tíma sínum í. Margt vel til tekist. Flott ár hjá GB.



Samstarf erlendis: Þrýstingur. Þurfum að leggja vel upp í hvaða samstarf við ætlum að taka þátt í á árinu.

4. Fjárhagsáætlun 2020

Þórhildur fer yfir fjárhagsstöðu félagsins.

Fjármálin standa vel.

Þórhildur fer einnig yfir fjárhagsáætlun og rektrarkostnað 2020.

Stjórnin er ánægð með stöðu og utanumhald fjármála.

5. Húsnæðis og starfsmannamál

Dagur er í 100% í janúar. Verður mögulega 50% allt árið – jafnvel meir.

Ekki er gert ráð fyrir sumarstarfsmönnum eins og er.

Aðstaðan núna á Laugarvegi 176 – þarf að losa 30.06.

Möguleikar í Hafnarhúsinu með Arkitektafélagi Íslands og Hönnunarmiðstöð – enn óljóst.

Þórhildur er ánægð með núverandi aðstöðu. Skoðum möguleika í framhaldinu.

6. Niðurstöður rannsóknarverkefna

Niðurstöður:

Byggingarúrgangur
Landnotkun og vistfræði
Orkukröfurnar í BREAM
Stjórnun í BREEAM
LCA greiningar
o.fl.

Mjög fín vinna og gagnleg gögn orðin til.

Umræða um rannsóknargögnin, niðurstöður, lokafrágang, framsetningu og miðlun.

Grænni byggð og MVS mega vera stolt af þessari vinnu. Upplýsandi gögn orðin til um þetta málefni, þau fyrstu sinnar tegundar hérlendis.



7. Annað

Aðalfundur Grænni byggðar verður haldinn þann 7. apríl

Næstu stjórnarfundur verður haldinn 14. febrúar

Fundi slitið: 16:10